

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 22. júní 2015
UST201505-219/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi á Geysissvæði, Haukadal

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 3. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Geysissvæðið. Ofangreint deiliskipulag nær til hverasvæðisins umhverfis Geysi og Strokk. Áhrifasvæði deiliskipulagsins tekur til stærra svæðis, eða frá Þjóðvegi að Laugaá með Laugafelli.

Aðstaða fyrir landvörð/landverði

Umhverfisstofnun bendir á að landverðir þurfa að inna af hendi ýmis störf á Geysissvæðinu. Vegna þessara starfa er mikilvægt að gert sé ráð fyrir aðstöðu fyrir landverði t.d. verkfærageymslu fyrir snjóruðningstæki og önnur verkfæri ásamt hlífðarfatnaði. Umhverfisstofnun bendir einnig á að inngangur að hverasvæðinu þarf að vera þannig að snjóruðningstæki komist þar inn. Einnig telur stofnunin mikilvægt að gert sé ráð fyrir afdrepi fyrir þá sem verða með upplýsingagjöf á svæðinu.

Laugafell-göngustígar

Umhverfisstofnun telur göngustíga upp í Laugafell mikilvæga, enda fellið órjúfanlegur hluti svæðisins. Stofnunin bendir þó á að huga verður að því að sjónræn áhrif af stígum og mögulega tröppum verði sem minnst og framkvæmdir verði felldar að landinu. Umhverfisstofnun bendir á að að Laugafellið sjáist langt að og allar framkvæmdir í fjallinu koma til með að vera sýnilegar og mannvirki alltaf áberandi.

Bílastæði

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir nýju bílastæði vestan hverasvæðis og norðan núverandi Biskupstungnabrautar. Einnig kemur fram að nýja bílastæðið verður í góðri tengingu við hverasvæði og þjónustu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að á ofangreindu bílastæði verði græn bílastæði, þ.e. að komið verði fyrir rafmagnstengingu svo hægt verði að bjóða upp á hleðslu fyrir rafmagnsbíla. Einnig er æskilegt, þar sem lög um náttúruvernd hafa að geyma heimild til að taka gjald fyrir veitta þjónustu að á bílastæðinu sé gert ráð fyrir stöðumælum svo hægt sé að taka gjald fyrir notkun bílastæða.

Upplifunarstígar

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir svokölluðum upplifunarstígum. Einnig kemur fram að þeir stígar verði uppbyggðir á steypum undirstöðum og muni svífa yfir landinu. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hve hátt er áætlað að slíkir stígar svífi, en slíkar upplýsingar eru mikilvægar þegar sjónræn áhrif svífandi stíga er skoðuð.

Efnisnotkun

Í umhverfisskýrslu kemur fram að leitast verði við að nota sem mest efni af staðnum. Umhverfisstofnun bendir á að ekki fylgja skýringar um, hvaða efni er átt við. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi hvaða efnisnotkun er átt við.

Stígakerfi

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um verulega uppbyggingu stíga um svæðið til að dreifa umferð gesta. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að leitast verði við að allar framkvæmdir séu felldar vel að landi og að sjónræn áhrif séu sem minnst. Einnig er mikilvægt að ætíð verði forðast allt óþarfa rask.


Geysir


Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um að svæðið sunnan og austan við Geysi verði hvílt og verndað, og ekki verði leyfð umferð um það svo að kísilskán geti byggst þar upp aftur.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að stígakerfi við Geysi verði endurnýjað og bætt, og gerir ekki athugasemdir við þær áætlanir er fram koma í deiliskipulagstillögunni. Einnig telur stofnunin mikilvægir þeir stígar er áætlaðir eru upp á Laugafell. Að mati stofnunarinnar mætti lýsing á svífandi stígum vera nánari svo hægt sé að áætla sjónræn áhrif.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Sigrún Agúsdóttir
Sviðsstjóri